

## Fundargerð notendahóps menninga og miðla

Fyrsti notendafundur menninga og miðla var haldinn hjá Hagstofu Íslands, miðvikudaginn 22. janúar 2020, klukkan 13.00 - 14.30.

Aðilar sem mættu á fundinn voru:

- Kvikmyndamiðstöð Íslands
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið
- Bandalag íslenskra listamanna
- ÚTÓN
- Miðstöð íslenskra bókmennta
- Barnamenningarsjóður Íslands
- Forsætisráðuneytið
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
- Íslandsstofa (2 aðilar)
- Íslensk tónverkamiðstöð
- Listaháskóli Íslands
- Háskólinn á Bifröst
- Listamannalaunasjóður

Aðilar sem voru boðaðir en komust ekki

- Samtök lőnaðarins
- Rannís
- Byggðastofnun
- Háskóli Íslands
- Háskólinn í Reykjavík
- Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar
- Hönnunarmiðstöð
- Leiklistarsamband Íslands (Sviðslistamiðstöð)

Á fundinum voru eftirfarandi Hagstofustarfsmenn:

Frá Hagstofu Íslands	Staða
Anton Örn Karlsson	Deildarstjóri - Félagsmálasvið
Áslaug Dagbjört Benónýsdóttir	Gæðastjóri
Erla Rún Guðmundsdóttir	Sérfræðingur – Atvinna, lífskjör og mannfjöldi
Hrafnhildur Arnkelsdóttir	Sviðsstjóri – Félagsmálasvið
Ragnar Karlsson	Sérfræðingur – Atvinna, lífskjör og mannfjöldi

Fundarstjóri var Erla Rún Guðmundsdóttir.

### Dagskrá:

1. Stutt kynning á fundargestum
2. Kynning á Hagstofunni og verkefnum í umræddum málaflokki
3. Umræður og forgangsröðun
4. Önnur mál

## Fundargerð

1. Fundarstjóri bauð fundargesti velkomna og kynnti tilurð og tilgang fundarins ásamt dagskrá. Hún fór svo yfir starfsemi Hagstofunnar, sögulegt samhengi menninga og miðla, virkar útgáfur, óvirkar útgáfur, ný verkefni og áætlaðar útgáfur. Næst fór hún yfir neyslu menninga og miðla og að lokum hagræna mælikvarða.
2. Gæðastjóri sagði fundargestum stuttlega frá hlutverki notendahópa og mikilvægi þeirra í framleiðslu hagtalna.

Fundargestir voru beðnir um að skrifa á miða þau atriði sem Hagstofa Íslands **væri að gera vel**.

Dæmi um það sem kom fram undir þessum dagskrárlið voru eftirfarandi atriði:

- Það er jákvætt að verið sé að setja fókus á að bæta úr „upplýsingagatinu“.
- Áhugi og vilji, Erla Rún sérfræðingur Hagstofunnar hefur staðið sig vel
- Skerpa á skilgreiningu skapandi greina
- Leita leiða til að afla nákvæmra upplýsinga
- Spyrja spurninga
- Halda fund eins og þennan
- Samantekt á veltu bókaútgefenda er þó annmörkun háð vegna „tvísölu“ innan fyrirtækja. Ef til betra að fá tölur úr smásölu og þá gróflega flokkað í t.d. barnabækur, skáldverk o.s.frv.
- Aukið átak og fjármagn í málaflokkinn
- Samráð við hagaðila
- Að umbætur byggji á alþjóðlega viðurkenndri aðferðafræði
- Áform og áhugi
- Aðsóknartölur eru mikilvægar
- Samanburður á störfun líka skýrar augljósar skilgreiningar
- Ráða starfsmann til að sinna tölfræði menningar
- Vilji til verka
- Bein samvinna við „bransann“
- Íslensk menning erlendis/útflutningur
- Gott að nýta gögn frá öllum sem eiga þau
- Áformin lofa góðu en ekki nógu langt komin til að hægt sé að leggja mat á þau
- Gott að funda með notendum
- Verkefnaáætlun lofar góðu
- Að byrja þessa vinnu
- Augljós vilji til starfs um aðgerðir
- Góð tenging við Eurostat
- Áform um sambærilega fjölmiðla- og lestrar (Media barometer) könnun og háskólinn í Gautaborg gerir. Norrænn og evrópskur samanburður.
- Staða hjá Hagstofu Íslands fyrir skapandi greinar
- Samtal við greinarnar
- Að kafa dýpra ofan í störf/greiningar á skapandi greinum

Næst voru fundargestir beðnir um að skrifa á miða **umbætur og nýjar hugmyndir**. Dæmi um það sem kom fram voru eftirfarandi atriði:

- Bæta hátíðum við greiningu á fjölda tónleika.
- Flýta menningarvoginni

- Þarf að finna leið til að ná gögnum út fyrir hefðbundna skráningu. Fyrirtækja og stofnana, langstærstur hluti umhverfis eru einyrkjar
- Kalla eftir upplýsingum frá miðstöðvum skapandi greina (hvaða upplýsingar miðstöðvar geta veitt) + samtökum á borð við STEF, FHF, o.fl.
- Taka mið af starfi Konstnárnámsnámndar í Svíþjóð sem skrifar skýrslur um
  - Konstnærernas demografi, inkomster och sociala villkor
  - Pensionsplanering för konstnärligt yrkesverksamma
- Greina tegund tónlistar (klassík, samtíma – popp/jass/rokk)
- Framsetning gagna
- Auka samvinnu við greinarnar sjálfar beint. Nýta upplýsingar sem til eru víða innan stofnana og miðstöðva
- Kortleggja útflutning íslenskrar menningar og lista t.d. réttindarsölu ísl. Bóka erlendis og fl.
- Nákvæmari gögn um skapandi greinar
- Opnari samtal við stéttina
- Þátttökur sem má skoða: aðsókn, heimsóknir, eðli(starfs) og áhugamennsku
- Móta skilgreiningu á „Menningu“
- Aðstoða sveitarfélög að samræma skráningu um listir og skapandi greinar (Reykjavík sem fyrirmynd). Menningarsamningar ríkisins við landshlutasamtök sveitarfélaga.
- Leita tölfræði víðar: félög, sveitarfélög og samtök
- Uppfæra þarf notendatölur: Gestafjöldi safna, tónleikagestir o.s.frv.
- Skapa vettvang fyrir aðgengi að rannsóknum
- Tölur um útflutning
- Tölur um innflutning bóka erlendis frá
- Krafa á ráðuneytin um að þau láti í té skilmerkilega sundurliðun opinberra framlaga til lista og menningar
- Skoða forsendur greinanna. Stórt hlutfall hlutastarfa.
- Ná inn tölfræði um ólaunuð störf og einyrkjastörf
- Nýta betur tölfræði sem er til staðar t.d. ÚTÓN, STEF o.fl.
- Greina betur skapandi greinar og koma inn á framleiðsluvirði atvinnugreina
- Of mikil áhersla á neyslu. Þyrfta að beina sjónum að þeim sem vinna störf t.d. starfsumhverfi listamanna, og annarra sem starfa innan geirans
- Brýnt að sölu og neyslutölur fyrir lestur, lán og kaup bóka séu aðgengilegar. Brotnar niður á a.m.k. þrjá flokka; barna, skáld og fræðibækur/námsbækur og einnig niður á form þ.e. prent og hljóð
- Greina sjálf störfin við menningu og sköpun. „Gerendur“ í listum og menningu ekki bara „neytendur“, atvinnumennska

Fundargestir skrifuðu hugmyndir sína á miða og kynntu þær síðan munnlega í kjölfarið. Í framhaldinu var hverjum og einum útvegað þrjú atkvæði sem hann/hún máttu nota til þess að kjósa um hugmyndir. Sú hugmynd sem fékk flest atkvæði fór efst í forgangsráðunina og svo koll af kolli. Í framhaldinu verður stofnað sérstakt verkefni utan um þetta.

#### Niðurstöður voru eftirfarandi:

- Flýta menningarvöginni (7 stig)
- Taka mið af starfi Konstnárnámsnámndar í Svíþjóð (6 stig)

- Þarf að finna leið til að ná gögnum út fyrir hefðbundna skráningu. Fyrirtækja og stofnana, langstærstur hluti umhverfis eru einyrkjar (5 stig)
- Kalla eftir upplýsingum frá miðstöðvum skapandi greina (hvaða upplýsingar miðstöðvar geta veitt) + samtökum á borð við STEF, FHF, o.fl. (5 stig)

### 3. Önnur mál

Fundarstjóri tók saman helstu niðurstöður fundarins.

Hugmyndir að næstu skrefum kynntar varðandi tvo af þeim punktum sem hlutu flest atkvæði.

Annars vegar mun Hagstofa Íslands á næstunni kalla eftir upplýsingum frá kynningarmiðstöðvum um hvaða gögnum þær búa yfir. Einnig verður kallað eftir upplýsingum um hvernig gögnunum er safnað, hvaðan þau koma og fleira sem getur varpað ljósi á gæði þeirra.

Hins vegar var borin upp hugmynd um að Hagstofa Íslands muni kalla notendur aftur á fund á næstunni til að kynna fjölmiðla- og menningarvogina betur. Vel var tekið í þá hugmynd og stefnt er að slíkum kynningarfundum í lok mars.

Fundi slitið kl. 14.40.

ÁDB